



Reykjavík

Atvinnu- og virknimiðlun

Samantekt á fyrra ári seinna tilraunatímabils

1.05.2022 – 30.04.2023



Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir,
fyrrum teymisstjóri Atvinnu- og virknimiðlunar

Efnisyfirlit

Forsaga	3
Staðan í dag 30.09.2023	4
Starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar frá 1.05.2022 – 30.04.2023	4
Rýning á afdrifum notenda Atvinnu- og virknimiðlunar.....	4
Ávinningur	7
Námskeið	9
Út á vinnumarkaðinn	9
Getting ready for a job	10
Tölum um peninga.....	11
Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir karla og kvár	11
Samantekt af námskeiðunum.....	12
Lokaorð.....	13

Forsaga

Vinumarkaðsaðgerðir Reykjavíkurborgar hófust haustið 2020 þar sem áhersla var lögð á að mæta atvinnuleysi í kjölfar heimsfaraldurs. Vinnumarkaðsaðgerðirnar sneru að tveimur hópum annars vegar einstaklingum sem áttu atvinnuleysisbótarétt hjá Vinnumálastofnun (Hefjum störf) og hins vegar einstaklingum sem þáðu fjárhagsaðstoð til framfærslu. Reynslan af þessum vinnumarkaðsaðgerðum var góð en skráð atvinnuleysi á Íslandi var 5,2% í febrúar 2022. Á þeim átján mánuðum sem aðgerðirnar stóðu yfir höfðu 72% þátttakenda ekki sótt aftur um fjárhagsaðstoð eftir að tímabundinni ráðningu lauk (gerðir voru 6 mánaða ráðningarsamningar hjá ýmsum deildum Reykjavíkurborgar).

Í lok mars 2022 samþykkti borgarráð framhaldstillögur stýrihóps Atvinnu- og virknimiðlunar um tveggja ára þróunarverkefni á sviði vinnu- og virkniaðgerða á tímabilinu 2022 – 2024 fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu. Tillögurnar voru eftirfarandi:

1. Að Atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar, sem hefur verið starfandi frá byrjun árs 2021 í samræmi við samþykkt borgarráðs verði haldið áfram með breyttum forsendum. Helstu breytingatillögur eru þær að aðeins verði markvissar vinnu- og virkniaðgerðir fyrir fólk sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu. Gert er ráð fyrir að starfsþjálfunarsamningar að jafngildi fjárhagsaðstoðar verði með 75% af störfunum.
2. Að stöðugildum fækki um 5 þannig að áfram verði 4 stöðugildi sérfræðinga sem starfa við vinnumiðlun og við virkniaðgerðir í stað 9 stöðugilda sem voru í fyrsta áfanga verkefnisins.
3. Að Atvinnu- og virknimiðlun tilheyri Virknihúsi á velferðarsviði.


Í tillögunum stóð enn fremur: Áætlað er að verkefnið hefjist 1. maí 2022. Þeir sem fá aðstoð við vinnumiðlun eru vinnufærir einstaklingar sem eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum og sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu.

- a. Hópur 1: Miðlun í laus störf innan Reykjavíkurborgar með starfsþjálfunarsamning, 20 störf á ári (**Raunstaða 4 störf – auk þess voru 8 störf innan Reykjavíkurborgar án starfsþjálfunarsamnings**).
- b. Hópur 2: Miðlun í störf utan Reykjavíkurborgar með starfsþjálfunarsamning, 40 störf á ári. (**Raunstaða 9 störf**).
- c. Hópur 3: Miðlun í störf utan Reykjavíkurborgar án starfsþjálfunarsamnings, 20 störf á ári. (**Raunstaða 33**).

Atvinnu- og virknimiðlun var ætlað að ná að miðla í 80 störf á ári, 60 störf með starfsþjálfunarsamningum eða 75% og 20 án starfsþjálfunarsamninga. Náðst hefur að miðla í 54 störf og þar af eru 41 án starfsþjálfunarsamnings eða 75%. Slíkt ráðningarform er mun jákvæðara fyrir viðkomandi einstakling auk þess sem það er hagkvæmara fyrir borgarsjóð.

Staðan í dag 30.09.2023

Frá 1. maí 2023 hafa 34 fengið vinnu með aðstoð Atvinnu- og virknimiðlunar. Gerðir voru 13 starfsþjálfunarsamningar og voru 3 þeirra innan starfseininga Reykjavíkurborgar. Meirihluti þeirra sem hafa fengið vinnu með aðstoð Atvinnu- og virknimiðlunar eru karlar eða tæp 65% (22). Flestir eru á aldursbilinu 30-39 ára eða 35% (12), á aldursbilinu 18-29 ára eru 32% (11) og Íslendingar eru fleiri en erlendir ríkisborgarar eða tæp 56% (19). Flestir tilheyra Suðurmiðstöð eða 38% (13), 26% Austurmiðstöð, (9) tæp 21% Vesturmiðstöð (7), og tæp 15% (5) frá Norðurmiðstöð. Flestir hafa verið 7-10 mánuði og/eða 25 – 48 mánuði eða 10 einstaklingar í hvorum flokki. Langflestir hafa verið með fjárhagsaðstoð í 48 mánuði eða skemur eða tæp 86% (30).



Mynd 1. Fjöldi mánaða á fjárhagsaðstoð til framfærslu fyrir ráðningu


Í dag er málum vísað til Atvinnu- og virknimiðlunar annars vegar frá ráðgjöfum virkni og ráðgjafar á miðstöðvum og hins vegar frá starfsmönnum rafrænnar miðstöðvar. Ráðgjafar Atvinnu- og virknimiðlunar eru að koma fyrir að málum einstaklinga með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Um leið og einstaklingur hefur fengið staðfestingu á umsókn sinni um fjárhagsaðstoð til framfærslu vísa ráðgjafar á rafrænni miðstöð málinu til ráðgjafa Atvinnu- og virknimiðlunar.

Starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar frá 1.05.2022 – 30.04.2023

Markmið Atvinnu- og virknimiðlunar er að virkja, efla og hvetja einstaklinga sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu út á vinnumarkaðinn. Atvinnu- og virknimiðlun veitir notendum sínum bæði einstaklingsaðstoð sem og fræðslu í hóp. Nokkur námskeið voru bæði haldin af starfsmönnum Atvinnu- og virknimiðlunar sem og í samstarfi við aðra og verða þeim gerð frekari skil hér að neðan.


Rýning á afdrifum notenda Atvinnu- og virknimiðlunar

Á tímabilinu höfðu starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar samband við 267 einstaklinga, karlmenn voru í meirihluta eða tæp 73% (194), Íslendingar voru fleiri en erlendir ríkisborgarar eða tæp 58% (155), flestir voru á aldursbilinu 30-39 ára eða 31% (83).




Mynd 2. Notendur Atvinnu- og virknimiðlunar

Afdrif notenda Atvinnu- og virknimiðlunar eru að af 267 alls voru í lok tímabilsins 141 ekki með fjárhagsaðstoð eða tæp 53%, 73 af 141 voru í vinnu þar af 5 í hlutastarfi, 44 voru ekki með fjárhagsaðstoð (ekki er vitað hvaða tekjur viðkomandi er með til að framfleyta sér), 15 voru óvinnufærir (ekki með fjárhagsaðstoð).




Mynd 3. Hlutfall notenda sem eru ekki með fjárhagsaðstoð

Af 267 voru 126 með fjárhagsaðstoð, af þeim voru 28 óvinnufærir (flestar þeirra sóttu námskeið hjá Atvinnu- og virknimiðlun), 26 í vinnslu hjá Atvinnu- og virknimiðlun, 72 voru með fjárhagsaðstoð (sumum hefur verið vísað í annað úrræði, sumir komu eingöngu á námskeið hjá Atvinnu- og virknimiðlun). Dreifingin sést á kökuritunum, eitt með fjárhagsaðstoð og annað ekki með fjárhagsaðstoð.




Mynd 4. Dreifing notenda með fjárhagsaðstoð

Starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar komu að ráðningum 54 notenda með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Karlmennt voru í meirihluta eða 76% (41), Íslendingar voru örlítið fleiri en erlendir ríkisborgarar eða tæp 54% (29), stærsti aldurshópurinn var 30-39 ára eða 35% (19).



Mynd 5. Fjöldi ráðninga út frá kyni og þjóðerni

Þegar horft er til fjölda mánaða á fjárhagsaðstoð til framfærslu hafa flestir verið frá 25 – 48 mánuði.



Mynd 6. Fjöldi mánaða á fjárhagsaðstoð til framfærslu fyrir ráðningu

Af þeim 54 sem fengu vinnu voru 43 enn í vinnu eða tæp 80%. Flestir tilheyrast Vesturmiðstöð eða 44% (24), 32% (17) Austurmiðstöð, 15% (8) Suðurmiðstöð og 9% (5) Norðurmiðstöð. Gerðir voru 13 starfsþjálfunarsamningar þar af 4 við starfseiningar hjá Reykjavíkurborg.

Ávinningur

Helsti ávinningur fyrir einstaklinga er að upplifa sig einhvers virði, hafa trú á sér, að þeir hafi hlutverki að gegna og að þeir skipti máli. Vinna spilar mikilvægt hlutverk í að skapa tilgang í lífi einstaklinga og eykur andlega vellíðan. Auk þess skapar vinna daglega rútínu og þar mynda einstaklingar félagsleg tengsl, skapa vináttu og finna hvata til aukinnar þátttöku í félagslegum athöfnum. Alltof margir sem hafa verið án atvinnu og/eða virkni eru með lítið sjálfstraust og kvíða því að fara aftur út á vinnumarkaðinn. Þeir óttast að standast ekki þær kröfur sem gerðar eru til þeirra en oft á tíðum gera þeir sjálfir óraunhæfar kröfur til sín og eru búnir að ákveða fyrirfram að þeir muni ekki standa sig. Starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar fundu vel fyrir þessum hindrunum hjá notendum, því voru sigrarnir valdeflandi og mikilvægir í vegferð þeirra út í samfélagið.

Í mastersrannsókn Eddu Laufeyjar Bjarnadóttur um upplifun einstaklinga af þjónustu Atvinnu- og virknimiðlunar og vinnumarkaðsgerðum Reykjavíkurborgar (2022) kom fram að flestir viðmælendur upplifðu jákvæð áhrif á líkamlega líðan og rútínu eftir að þeir fengu vinnu. Einnig sýndu niðurstöður að þátttakendur eignuðust vini og kunningja í vinnunni. Aukinn félagsauður kom í ljós hjá þremur þátttakendum sem ekki höfðu fengið áframhald, þar sem þau fengu ýmist annað starf eða verkefni vegna þess að þau stóðu sig vel og mynduðu tengsl innan vinnustaðarins eða vegna ábendingar hjá starfsmönnum Atvinnu- og virknimiðlunar. Allir þátttakendur greindu frá jákvæðri upplifun af vali á starfi og að hlustað hefði verið á óskir þeirra.

Á tímabilinu 1. maí 2022 til 30. apríl 2023 kom Atvinnu- og virknimiðlun með beinum hætti að ráðningum 54 einstaklinga sem áður þáðu fjárhagsaðstoð til framfærslu. Einstaklingarnir höfðu verið mislengi með fjárhagsaðstoð eða allt frá tveimur mánuðum upp í 160 mánuði. Fjárhagslegur kostnaður á tuttugu ára tímabili (frá janúar 2003 til júní 2023) vegna grunnfjárhagsaðstoðar þessara einstaklinga nam 308.770.207 kr. Annar ávinningur þess að

aðstoða einstaklinga við að komast út á vinnumarkaðinn eru bætt lífsgæði, aukin trú á eigin getu, valdefling einstaklinganna m.a. með því að þeir finni að þeir hafi hlutverki að gegna og séu að skila og taka þátt í samfélaginu, félagsauður í formi stærra félagsnets ofl.

Af þeim 267 einstaklingum sem Atvinnu- og virknimiðlun átti samskipti við voru 73 þeirra í vinnu undir lok apríl 2023, því má segja að 19 hafi farið í vinnu eftir að starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar höfðu eða reyndu að hafa samband við þá (54 sem Atvinnu- og virknimiðlun aðstoðuðu beint við ráðningar). Auk þess voru 44 ekki með fjárhagsaðstoð við lok tímabilsins en við höfum ekki vitneskju um stöðu þeirra.

Þeir einstaklingar sem fengu vinnu með aðstoð Atvinnu- og virknimiðlunar höfðu verið mislengi með fjárhagsaðstoð til framfærslu eða allt frá tveimur mánuðum upp í 160 mánuði (13 ár og 3 mánuðir). Eins og áður var sagt var samanlagður kostnaður vegna fjárhagsaðstoðar þeirra frá janúar 2003 – júní 2023 var 308.770.797 kr.

Af þeim 54 sem fengu vinnu hafa 11 þeirra sótt aftur um fjárhagsaðstoð til framfærslu sem þýðir að tæp 80% eru ekki lengur með fjárhagsaðstoð til framfærslu. Að meðaltali voru þeir 40 mánuð (3 ár og 3 mánuðir) með fjárhagsaðstoð áður en þeir fóru út á vinnumarkaðinn.

Hreinn ábáti af starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar fyrir tímabilið 1.05.2022 – 30.04.2023 nam tæpum 33.000.000 kr. að frádregnum launum- og launatengdum gjöldum, kostnaði við starfsþjálfunarsamninga sem og annan rekstrarkostnað Atvinnu- og virknimiðlunar.

Starf Atvinnu- og virknimiðlunar er mikilvægt til að auka lífsgæði okkar notenda, efla þá og styðja til virkrar þátttöku í samfélaginu.

Reykjavík er fyrir okkur öll, okkur ber að mæta öllum þar sem þeir eru staddir og styðja þá við að finna sína styrkleika svo þeir nái að blómstra.




Námskeið

Á tímabilinu maí 2022 til loka apríl 2023 stóð Atvinnu- og virknimiðlun fyrir 9 námskeiðum. Námskeiðin heita „Út á vinnumarkaðinn“, „Getting ready for a job“, „Tölum um peninga“ og „Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir karla og kvár“. Starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar héldu 3 námskeið (Út á vinnumarkaðinn) sem miðuðu að því að styðja, efla og hvetja notendur með fjárhagaðstoð til framfærslu út á vinnumarkaðinn. Einnig héldu starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar samskonar námskeið á ensku „Getting ready for a job“. Í samstarfi við Umboðsmann skuldara fræddu starfsmenn hans þátttakendur um fjármál, en starfsmenn Umboðsmanns skuldara komu að 3 námskeiðum um „Tölum um peninga“ á tímabilinu. Að lokum stóð til að bjóða upp á sjálfstyrkingarnámskeið fyrir konur og kvár annars vegar og karla og kvár hins vegar en því miður var ekki nægur fjöldi þátttakenda hjá konum og kvár. Stutt samantekt um námskeiðin er hér að neðan.

Þess skal getið að starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar eiga mikla og góða samvinna með ráðgjöfum í virkni og ráðgjöf á miðstöðvum Reykjavíkurborgar sem og ráðgjöfum á rafrænni miðstöð.

Út á vinnumarkaðinn

Fyrsta námskeiðið var haldið í september 2021 og hefur innihald og tímalengd breyst. Á tímabilinu maí 2022 til apríl 2023 voru haldin 3 námskeið. Helstu áherslur hafa ekki breyst en þær eru aðstoð við gerð ferilskráar og kynningarbréfs, aðstoð við atvinnuleit s.s. kynningar á helstu starfsleitarstöðum og útfylling á persónulegum upplýsingum og atvinnusögu umsækjenda, kynning á störfum hjá vinnustaðnum Reykjavíkurborg og hjá öðrum vinnustöðum sem þátttakendur hverju sinni hafa áhuga á. Við fáum góða gesti inn á námskeiðið t.d. frá Umboðsmanni skuldara og Alþýðusambandi Íslands. Samhliða námskeiðinu koma notendur í einstaklingsviðtal/viðtöl til atvinnuráðgjafa í Virknihúsi. Alls voru 55 þátttakendur skráðir á námskeiðin þrjú. Þátttakendur sem luku námskeiðunum voru 22. Helstu skýringar á brottfalli voru að ekki náðist í skráða þátttakendur eða þeir uppfylltu ekki 80% mætingaskyldu. Ellefu voru enn í vinnslu hjá Atvinnu- og virknimiðlun í lok apríl 2023.




Mynd 7. Afdrif þátttakenda á "Út á vinnumarkaðinn"



Getting ready for a job

Töluverður fjöldi einstaklinga sem þiggja fjárhagsaðstoð til framfærslu eru ekki íslenskumælandi og var óskað eftir því að sambærilegt námskeið og „Út á vinnumarkaðinn“ væri haldið á fleiri tungumálum. Ákveðið var að byrja á námskeiði á ensku og voru 2 námskeið haldin á tímabilinu. Ólíkt námskeiðinu á íslensku var hærra hlutfall skráðra sem tók þátt eða tæp 80% á móti 40% þátttakenda á námskeiðunum út á vinnumarkaðinn. Erfitt er að segja hvað skýrir þann mikla mun en það getur verið kvíði, lengd frá atvinnumarkaði o.fl. Seinna námskeiðinu lauk í lok mars og því var stór hluti þátttakenda enn í vinnslu hjá Atvinnu- og virknimiðlun í lok apríl.




Mynd 8. Afdrif þátttakenda "Getting ready for a job"

Markmið námskeiðanna „Út á vinnumarkaðinn“ og „Getting ready for a job“ er að aðstoða þátttakendur við að komast út á vinnumarkaðinn. Þátttakendur hafa verið mislengi frá vinnumarkaði og því er alltaf ákveðinn hópur sem greinist óvinnufær, en með því að fara í

gegnum námskeiðin öðlast þátttakendur betri sýn á eigin getu og er þeim leiðbeint í samráði við ráðgjafa á miðstöð um önnur úrræði sem henta betur.

Tölum um peninga


Í framhaldi af aðkomu umboðsmanns skuldara með fræðslu um stofnunina og þá ráðgjöf sem hún veitir á atvinnuleitarnámskeiðin "Út á vinnumarkaðinn" og „Getting ready for a job“, var ákveðið að fara í frekara samstarf við umboðsmann skuldara. Starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar og ráðgjafar úti á miðstöðvum höfðu fundið fyrir, hjá ákveðnum hópi einstaklinga, fjárhagslegri hindrun við að fara út á vinnumarkaðinn en einnig töldu allir hlutaðeigandi nauðsynlegt að bjóða öllum upp á fjármálafræðslu. Ákveðið var að bjóða upp á námskeið þar sem áherslan væri á viðhorf til peninga, af hverju það væri nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir fjármálin, góðar venjur, að setja sér markmið, ásamt því að stofnunin. Umboðsmaður skuldara var kynnt og þátttakendum leiðbeint um það hvernig þeir gætu sótt um aðstoð þar. Á tímabilinu voru haldin 3 námskeið.



Mynd 9. Þátttakendur "Tölum um peninga"

Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir karla og kvár

Starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar fundu að þörf væri á sjálfstyrkingarnámskeiði fyrir notendur sína en margir þeirra virðast hafa lítið sjálfstraust og trú á eigin getu við að fara aftur út á vinnumarkaðinn. Rætt var við tengla Atvinnu- og virknimiðlunar á miðstöðvum borgarinnar um að bjóða upp á sjálfstyrkingarnámskeið annars vegar fyrir karla og kvár og hins vegar fyrir konur og kvár. Ekki náðist næg þátttaka á námskeið fyrir konur og kvár en haldið var eitt námskeið fyrir karla og kvár. Matthías Matthíasson, sálfræðingur var fenginn til að halda námskeiðið. Alls voru 11 skráðir á námskeiðið en 7 luku þátttöku.



Mynd 10. Þátttakendur "Sjálfstyrkingarnámskeið fyrir karla og kvár"

Samantekt af námskeiðunum

Námskeiðin eru fjölbreytt en þó eru markmið þeirra allra að undirbúa og efla notendur til virkni og þátttöku á vinnumarkaði. Starfsmenn Atvinnu- og virknimiðlunar telja að með námskeiðunum „Út á vinnumarkaðinn“ og „Getting ready for a job“ séu auknar líkur á betri greiningu á starfsgetu þátttakenda sem og betri þörun við vinnustað/starf. Stundum hefur greining leitt í ljós að viðkomandi er ekki vinnufær að svo stöddu og er þá málinu vísað aftur til ráðgjafa á miðstöð sem leitar að hentugu úrræði. Einstaklingar sem eru með miklar skuldir geta átt erfitt með að hefja vinnu aftur en ríkið innheimtir sínar skuldir af launum þeirra og er það mat starfsmanna Atvinnu- og virknimiðlunar, ráðgjafa á miðstöðvum og starfsmanna umboðsmanns skuldara að nauðsynlegt sé að koma fjármálum fyrrgreindra aðila í farveg áður en þeir fara út á vinnumarkaðinn.



